

Flúðaskóli júní 2020

Halla Gunnarsdóttir og Fríður Sæmundsdóttir

Starfsskýrsla yngsta stigs 2019 - 2020

Stigsstjóri hefur hagsmuni yngri nemenda í fyrirrúmi. Á liðnum vetri voru haldnir stigsfundir á yngsta stigi ca. vikulega á miðvikudögum eftir kennslu. Samstarf fór auk þess fram með óformlegum hætti þegar á þurfti að halda. Fundina sátu umsjónarkennarar á yngsta stigi: Halla Gunnarsdóttir og Fríður Sæmundsdóttir. Einnig sátu stuðningsfulltrúar fundi með okkur og aðrir kennarar ef þurfti. Viðfangsefni funda var fyrst og fremst að skipuleggja samstarf milli nemenda og kennara þessara stiga. Samvinna var um ákveðin þemu, t.d. þorablót, jólahringekju og ferðir. Stigsstjórar hafa séð um sameiginleg formleg bréf eða tilkynningar til forráðamanna nemenda sem og innkaup ef eitthvað hefur vantað fyrir stigið í heild.

Í vetur voru nemendur 20 í 1.-4. bekk við Flúðaskóla.

Samkensla

Samkensla var í vetur hjá 1.-2. bekk og 3.-4. bekk í nánast öllum greinum.

Verkstæði

Í vetur var haldið áfram með verkstæði í list- og verkgreinum. Verkstæði var skipt upp í 3 annir. Nemendum var skipt upp í hópa eftir bekkjum, nema 1. og 2. bekk sem var saman. Þetta var textílmennt, myndmennt og smíði. Einn auka myndmenntartími var hjá 1.-4. bekk auk þess sem 1. og 2. bekkur fékk einn auka handmenntartíma.

Morgunhressing og síðdegishressing

Í vetur fengum við bæði morgun- og síðdegishressingu úr mötuneyti skólans. Við fengum ávexti og grænmeti skorna úr eldhúsi sem var mjög gott. Það voru margir nemendur sem nýttu sér þetta frábæra tilboð og er það ánægjulegt. Í vetur var í boði fyrir alla að fá mjólk, endurgjaldslaust.

Haustferð - Þjórsárdalur

Við fórum frá skólanum að morgni með rútu. Á leiðinni f auk önnur topplúgan af rútu og var það svo opið alla ferðina. Við byrjuðum á að skoða Hjálparfoss. Kolbrún sagði okkur sögu um tvær tröllskessur sem eiga heima í Búrfelli og Bjólfelli. Þaðan var haldið inn að Stöng. Jói fór á rútu yfir ána og vakti það mikla lukku. Á Stöng fengum við okkur hressingu og skoðuðum bæjarrústirnar. Það stóð til að ganga inn að Gjúanni en við frestuðum því vegna veðurs. Á leiðinni inn í Þjórsárdal skoðuðum við Búrfellsstífluna og fræddumst um hvaðan rafmagnið okkar kemur. Inn í Þjórsárdal grillaðum við pylsur og fengum safa með. Krakkarnir fengu ágætis útrás í að vaða í ána og urðu sumir ansi blautir. Eftir grill fórum við í óvissu gönguferð með það að markmiði að finna leiði. Eftir ágætis útúrdúr fundum við leiðin og fræddi Kolbrún okkur um hverjir lágu þar. Áður en haldið var til baka fengu allir sér smá hressingu. Ferðin heppnaðist mjög vel þrátt fyrir leiðinda veður og smá óhöpp.

Halla, Fríður og Kolbrún fóru í ferðina með 1-4 bekk.

Vorferð - Sólheimar-Hrunalaug-Hruni

Yngsta stigið fór í vorferð í þokkalegu veðri. Fórum með fjallarútu hans Jóa á Sólheima þar sem við skoðuðum Samansafnið. Fengum að skoða umhverfið hjá þeim áður en við gengum að Hrunalaug. Á leiðinni sáum við Sólheimalaug og Útburðarholt sem Helena sagði okkur frá.

Við Hrunalaug var nestispáa áður en haldið var að Hruna þar sem Óskar og Una tóku á móti okkur. Óskar sagði okkur frá Dansinum í Hruna í Hrunakirkju og fór með okkur upp á Hrunakarlinn þar sem við skoðuðum tóftirnar af gömlu kirkjunni. Lögðust börnin niður og hlustuðu eftir hljóðum frá dansinum. Kíktum svo í fjárhúsin á lömbin og hæurnar, fengum að róla í hlöðunni og skoða okkur um.

Jói sótti okkur og keyrði heim til Höllu í Borgarás 2. Þar var grillað og leikið áður en haldið var í skólann þar sem síðasta nestið var borðað.

Í ferðina fóru Halla, Fríður, Gunna Sigga og Helena.

Hringekja rúllar á yngsta stigi með haust- og vorferðir

Haustferðir: Fjöruferð - Gönguferð um Hrepphóla og Núpstún - Þjórsárdalur (Gjáin) - Haukadalur (Gullfoss austan megin).

Vorferðir: Haukadalsskógur (Tungufellsdalur) - Miðfell - Efra-Sel (Álfaskeið) (Sólheimar-Hruni) - Hruni.

Aðrar upptökur og ferðir

Haustkynningarfundir: Skólafærninámskeið frá Skólalæðingunni fyrir foreldra hjá 1. og 2. bekk var þriðjudaginn 3. september kl.16.00. Ágætis mæting var á fundinn og farið var yfir helstu atriði með foreldrum. Sameiginlegur kynningarfundur 3.-7. bekkjar var 29. október kl. 16:00. Byrjað var á að fara yfir helstu atriðin, Berglind sálfræðingur var með erindi um samskipti foreldra og barna. Foreldrum gafst tækifæri til að hitta umsjónarkennara í stofum á eftir. Þetta gafst mjög vel. Mæting mjög léleg.

Gönguferð að hausti í Gildurhaga 12. september: Allur skólinn fór saman í gönguferð inn í Gildurhaga í landi Lauga.

Skák: Árni kom inn í 1.-4. bekk með skák kennslu í ca. 10 skipti. Gekk vel og krakkarnir ánægðir. Mætti vera meira.

Dagur læsis: Í kringum dag læsis, 8. september voru veittar viðurkenningar fyrir sumarlesturinn.

Norræna skólahlaupið: 17. september stóð Flúðaskóli fyrir Norræna skólahlaupinu og var þátttaka góð. 1-4. bekkjar höfðu val um að fara 2,5 km eða 5 km og er skemmt frá því að segja að við eigum fullt af hlaupahetjum því margir hlupu nánast alla leiðina. Hlaupið er annars fyrst og fremst til að efla almenna hreyfingu, hverjum og einum til heilsuþóttar.

Evrópski tungumáladagurinn, 26. september: Spjallað um ýmis tungumál og annað inni í stofum.

Skáld í skólum: Þriðjudaginn 22. október „Hávísindalegar og trylltar tilraunir“ Linda teiknari og Villi vísindamaður komu og sköpuðum með okkur sögu. Villi henti

fram hugmyndum og krakkarnir sömdu með honum sögu sem Linda teiknaði. Snillingarnir í leikskólanum voru með okkur.

List fyrir alla: 25. febrúar „Heyrðu villu hrafinn minn“. Dúó Stemma eru Herdís Anna Jónsdóttir víóluleikari og Steef van Oosterhout slagverksleikari, úr Sinfóníuhljómsveit Íslands komu til okkar og sögðu okkur sögu með söng og hljóðfæraleik.

Hrekkjavaka: Bekkir unnu myndverk og hlustuðu á sögur.

Samræmd próf: 4. bekkur þreytti samræmd próf í íslensku og stærðfræði 26. og 27. september.

Halldórsmótið í skák: Halldórsmótið í skák var haldið fyrir hádegi 18. nóvember.

Dagur íslenskrar tungu, 16.nóvember: Hittumst á sal og sungum.

Afmæli Flúðaskóla: Haldið var uppá 90 ára afmæli Flúðaskóla föstudaginn 25. október. Tvöfaldur dagur. Dagskrá í Kvíadal og svo var gestum boðið að skoða ýmis verkefni sem unnin höfðu verið í tilefni afmælisins. Kaffi og kaka í matsal.

Heimsókn Björgunarfélagsins Eyvindar: 29. október komu fulltrúar þeirra og gáfu 1. og 2. bekk endurskinsmerki.

Dans: Silja kom með danskennslu í nokkrar vikur í nóvember.

Brunavarnir: 18. desember fékk 3. bekkur heimsókn frá Brunavörnum. Það var hann Guðmundur sem kom og kenndi þeim heilmargt um brunavarnir og gaf svo krökkunum bæklinga og getraun til að taka þátt í. Þeir krakkar sem skiluðu inn getrauninni fengu lítið vasaljós að gjöf. Getraunin var unnin í skólanum.

Jólahringekja: 5. desember vann 1.-7. bekkur ýmis jólaverkefni. Verkefnin voru CD jólaföndur, kertakrukka, fæðing jesú/fjánhús og garnjólaveinn.

Opin vika, 9.-13. desember: Foreldrum gafst tækifæri að taka þátt í starfinu með okkur sem stuðningsfulltrúar eða koma með einhvern fróðleik. Það voru nokkrir foreldrar sem komu og fannst krökkunum þetta skemmtileg tilbreyting.

Jólaleikrit, 2. desember: Yngsta stigið fór ásamt leikskólanum á jólaleikrit í félagsheimilinu sem heitir „Klókur ertu Einar Áskell“. Leikritið var skemmtilegt. Það eru foreldrafélög leikskólans og grunnskólans sem bjóða uppá leikritið.

Litlu jólin, 19. desember: Litlu jólin haldin með pompi og prakt. Byrjað var á stofujólum þar sem pakkaruglið var á sínum stað og fleira skemmtilegt gert. Svo var borðað áður en haldið var á jólaballið í Félagsheimili. Yngsta stigið söng með helgileiknum sem var í höndum 5. og 6. bekkjar. Allir stóðu sig mjög vel og sýndu sitt besta andlit.

Bóndadagur og konudagur: Börnin föndruðu blóm og settu falleg orð til mömmu sinnar og pabba.

Porraringekja, 29. janúar: 1. -4. bekkur, allir gerðu trog og svo voru valverkefni, hálsmen, vinabönd, hjálmar, perl og grímur. Tókst vel til. Mjög gott að hafa flæðandi stöðvar með nægum verkefnum svo þau geti valið sér viðfangsefni.

Porrablót 7. febrúar: 3. og 4. bekkur var með ýmsan fróðleik og upplestur. Gunna Sigga sýndi okkur gamla muni sem hún á og sagði okkur sögu þeirra. Svo var sungið, leikið og smakkað á porramat. Vorum í Snússu.

Öskudagsskemmtun 26. febrúar: Skemmtunin var haldin í íþróttahúsinu, farið saman í leiki og kötturinn sleginn úr tunnunni. Mikið fjör og allir skemmtu sér vel. Allir fengu nammipoka í lokin. Skipulagið var að mestu í höndum kennara, foreldrafélagið sá um að setja upp tunnu og útvega nammipoka.

Árshátíð 1.-7. bekk (18. mars): Leikritið Ballið á Bessastöðum, staðlað og stílfært af kennurum. Æfingar gengu vel, hver hópur æfði í stofum en skiptum á okkur tímum í félagsheimili í vikunni á undan. En svo kom covid 19 og setti allt í uppnám. Árshátíðinni var frestað!

Lokaæfing Þjósárskóla: Sáum okkur ekki fært að mæta vegna æfinga á árshátíðarleikriti.

Skíðaferð: Frestað vegna covid!

Dagur barnabókarinnar 2. apríl: Af því tilefni var frumflutt í útvarpinu sagan „Haugurinn“ eftir Gunnar Theodór Eggertsson.

Páskaföndur: Hver bekkur vann páskaverkefni í sínum stofum.

Opin vika, 8.-12. apríl: Var ekki vegna covid!

Reiðhjólaljálmar 6. maí: 1. bekkur fékk gefins reiðhjólaljálma frá Kiwanis og Eimskip.

Litlu ólympíuleikarnir: Hvíldum þá í ár.

Umhverfisdagurinn 8.maí: Nemendur Flúðaskóla tóku þátt og fóru 1.-4. bekkur ásamt leikskólanum um svæðið næst skólunum og tíndu í marga ruslapoka, alltaf virðist vera nóg af rusli. Allir fengu svo safu og grillaðar pylsur að launum fyrir þátttökuna.

Brúðuleikhúsið Krakkarnir í hverfinu: 3. mars, 2. og 3. bekkur sáu brúðuleikhúsið Krakkarnir í hverfinu frá Blátt áfram.

Skógardagur: Var ekki í ár!

Sundmót 22.maí: Árni var með sundmót fyrir 1. - 4. bekk. Mótið hjá yngsta stiginu var skemmtilegt og vel skipulagt. Krakkarnir mjög ánægð á eftir.

Vorhátíð í Flúðaskóla 29.maí: 10 stöðvar með allskyns þrautum og spurningum. Aldursblandaðir hópar. Allir fengu grillaða hamborgara og safu á eftir. Voru í íþróttahúsi.

Forskólakynning tónlistarskólans: Tónlistarskóli Árneseinga kom með hljóðfærakynningar fyrir 2. bekk. Þetta voru 6 heimsóknir yfir veturinn og tókst þetta fyrirkomulag mjög vel. Síðasta heimsóknin féll niður vegna covid.

Litla upplestrarkeppnin 10.maí: Frestað vegna covid!

Annað

Hugarfrelsi: Kennarar á yngsta stigi sóttu námskeið hjá Hugarfrelsi í vetur og hafa nýtt sér það efni vel. Hefur gefist mjög vel.

Vinaliðaverkefni: Árni stýrði þessu verkefni og var hver bekkur með sinn mánuð. Þetta gafst vel en mætti kannski byrja fyrr á haustin.

Bókasafnsheimsóknir: Inga Jóna tók á móti litlum hópum úr 1.-4. bekk þar sem hún fræddi þau um bókasafnið og las fyrir þau.

Samstarf bekkja: Óvenju lítið var um samstarf bekkjanna á yngsta stigi í vetur en þó eitthvað. Porrablót og jólahringekja.

Mentor: Mentor er notaður á yngsta stigi til að skrá ástundun og ef einhver sérúrræði eru í gangi fyrir nemendur. Við erum smám saman að læra betur að nýta okkur verkfærin sem Mentor býður upp á í ríkara mæli. Á yngsta stigi eru nánast eingöngu notaðir netmiðlar, þ.e. facebooksíða, Mentor og tölvupóstur vegna tilkynninga og heimanámsáætlana. Allt námsmat fer fram á mentor.

Vefurinn: Mikið af kennslutengdu efni er á vefnum. Hann gagnast kennurum vel. Skólinn kaupir áskrift að Skólavefnum, 123 skóli og mikið er inn á vef Námsgagnastofnunnar.

Orð af orði: Orðaprenna vikunnar hélt áfram í vetur og tók yngsta stig þátt í því. Höfum þróað okkur áfram í sögugerð meðal annars með frjálsu sögubókinni.

Leikskólasamstarf: er í föstum skorðum. 1. bekkjar kennari hefur séð um þessi samskipti við leikskólann. Miðað er við að leikskólabörnin fái að koma í heimsókn ekki sjaldnar en tvisvar sinnum í mánuði og fái að kynna sem flestum námsgreinum. 2. bekkur tók aðeins þátt í samstarfinu.

Sumarlestur: Það hefur skapast sú hefð að nemendur hafi með sér heim í sumarfrí lestrarhefti sem hvetur þau til að lesa í sumarfríinu. Þetta hefur tekist mjög vel til. Þeir sem ná markmiði sumarlestursins fá smá viðurkenningu að hausti.

Tillögur

* gott væri að fá bekkjarsett af spjaldtölvum inn í hverja stofu. Passa verður að hægt sé að setja upp öll þau forrit sem nýtast okkur, að þeir séu ekki of gamlir.

* Höfum í vetur fengið morgun - og síðdegishressingu úr mötuneyti sem samanstendur af ávöxtum og grænmeti. Passa þarf að hressingin sé komin á réttum tíma og að hún sé nægilega mikil miðað við hópinn. Passa upp á fjölbreytileika og að sami ávöxturinn sé ekki marga daga í röð.

* Halda áfram með allskonar föndur og skógarvinnu í *aldursblönduðum hópum*, t.d. í hringekjuformi.

* Frábært hvað fleiri hefðir í samstarfi við *leikskólann* eru að aukast t.d. í kringum jól og fl. Halda því áfram.

- * Nauðsynlegt er að hafa í huga við töflugerð kennara á yngsta stigi að þeir eigi samliggjandi tíma með bekkjum sínum a.m.k. þrisvar sinnum í viku. Það auðveldar samstarf á stiginu.
- * Mikilvægt að umsjónarkennarar á yngsta stigi byrji alla daga með bekknum sínum.
- * Hafa í huga við töflugerð að greinar eins og sund, smíði, heimilisfræði, myndmennt, íþróttir séu ekki of mörg á einum degi.
- * Hafa stofugang reglulega til að skoða vinnu hjá hvort öðru og fá hugmyndir og ráð.
- * Gaman væri að hafa fleiri daga eins og bleika dag, hatta dag, náttfata dag. T.d. einu sinni í mánuði og væri hægt að fá nemendur til að velja.
- * Spurning hvort að yngsta stig gæti nýtt námsráðgjafa.
- * Meira samstarf milli allra stiga.
- * Setja fasta tíma í töflu fyrir skák.
- * Halda áfram nýsköpun á yngsta stigi.
- * Nýta facebook hóp starfsmanna meira til að segja frá hvað er að gerast á hverju stigi, ef eitthvað er framundan, einhver ferð, einhver hátíð eða verkefni í gangi sem gaman og oft gagnlegt er fyrir alla að vita af. Við erum lítill skóli og oft veit maður ekkert hvað er um að vera á öðrum stigum en gaman er að heyra hvað aðrir eru að gera eða fara, þó það snerti mann ekki beint. Líka vera dugleg að benda á skemmtilegar hugmyndir, ráðstefnur og námskeið sem gætu nýst einhverjum.
- * Spurning að breyta til með opnu vikurnar og hafa frekar menntasmiðjur fyrir foreldra þar sem nemendur geta kennt og sýnt hin ýmsu verkefni. Td. ipad, tilraunir, þemaverkefni, sögugerð...hvað sem unnið hefur verið með.
- * Vinna og þróa meira menntasmiðjur, fyrir krakkana, fyrir starfsfólk, nemendur kenna starfsfólki og fleira í þeim dúr.

Stigstjórar yngsta stigs